# KIRKJUVELLIR 3 HAFNARFIRÐI.

- - -> BO. táknar björgunarop, samkv. reglugerð um brunavarnir og brunamál.

——> Táknar rýmingarleið, samkv. reglugerð um brunavarnir og brunamál.

⊗ Reykskynjari, staðsetjist samkv. teikningu.

Eldvarnarbúnaður og slökkvitæki skulu staðsetjast í samráði við slökkvilið.

Anddyrishurðir íbúða skulu vera sjálflokandi með hurðarpumpu.

Samþykkt þann
28 NOV 2007
Byggingafulltrúinn Hafnarfirði
F.h. Jón Sigurðsson




GRUNNMYND 2. HÆÐ. MKV. 1:100.

Byggingarlýsing / verklýsing:

Kjallari er staðsteyptur, einangraður að innan- og utanverðu, sjá teikningu.
1 - 7 hæð er staðsteypt, einangruð og klædd að utanverðu.
Undirstöður og botnplata eru staðsteyptar á klöpp og eða þjappaðri hraunfyllingu.
Gólfplata í kjallara er staðsteypt 12 sm. vélslípuð og eða með gólfflögn, með halla að niðurföllum.
Gólfplata 1 - 7 hæðar er staðsteypt amk. 22 sm. vélslípuð og eða flotuð.
Útveggir hæða eru staðsteyptir 200 mm.
Að utanverðu eru veggir einangraðir og klæddir með báruformuðu lituðu áli liggjandi.
Á vegg er fest 45*100 mm. ál-leiðurum c/c 600 mm., leiðurum er fest við steyptan vegg með ál/vinklum c/c 1200mm., með Ø 10 mm. múrboltum eða öðrum jafn sterkum festingum.
Lýsing á festingum hér að ofan er leiðbeinandi, en burðarvirkis- verkfræðingur hússins skal sannreyna að verklýsingin uppfylli staðla og reglugerðir, og gefa út leiðrétta verklýsingu ef nauðsyn krefur.
Á milli leiðara er einangrað með 100 mm. steinull.(VEGGPLATA).
Klæðning báurformað litað ál liggjandi, skrúfað og á leiðara.
Á öllum útbrúnum og samskeytum skal gengið frá með formuðum flasningum úr sama efni og klæðningin.
Vatnsbretti og áfellur skulu vera úr sama efni og klæðningar.
Steyptir veggir, handrið og súlur utanhúss sem ekki eru klæddir s.b.r. hér að framan eru með sléttri múráferð og málaðir.
Þak kemur á steypta efstu plötu, sem skal steypt með halla að niðurföllum, á þakið koma tvö lög af álímdum þakpappa
Pappinn skarast 10 sm. á langhliðum og skammhliðum. Fyrra pappalagið er lagt í stefnu vatnshallans.
Yfirlagið er lagt þannig að samskeyti á undirlagi komi ca. á miðja rúllu yfirlags. Pappinn skarast eins og undirlagið.
Einangrunin skal þola 300 kPa skv. Staðli iso 844, ss 169534. Plöturnar skulu vera nótaðar og leggjast í tveimur lögum, 100 mm. og 50 mm, ofan á pappann þannig að þær séu þétt að köntum og vel saman.
Vanda skal sérstaklega við niðurföll.
Ofan á einangrun skal leggja drendúk 136 gr./m². Dúkurinn skal ganga upp á kanta og upp fyrir endanlegt jarðvegsyfirborð. Skorið skal úr dúk við niðurföll.
Ofan á drendúk skal setja 70 mm. drenlag úr sjávarmöl 20-60 mm. að þvermáli sem farg.
Meðfram köntum kemur ein hellubreidd af hellum 400*400*60.
Nota skal sérsmíðuð niðurföll úr áli.
Yfirföll eru á þaki.
Steyptir veggir eru sandspartlaðir og málaðir að innanverðu.
Veggir (eldhindrandi) milli einstakra brunahólfa, aðrir en steyptir eru a.m.k. EI60 eldhindrandi veggir.
Hlaðnir EI60 veggir, ekki berandi veggir milli einstakra brunahólfa, eru uppbyggðir sem hér segir:
70 mm. hlaðin vikurveggur, múrhúðaður beggja vegna með 15 mm. múrhúð.
Léttir EI60 veggir, léttir milliveggir á milli einstakra brunahólfa eru uppbyggðir sem hér segir:
35 * 120 mm. blikkgrind fyllt með steinullareinangrun og klæddir beggja vegna með 2 *13 mm. gifsplötum.
Léttir ekki berandi innveggir í íbúðum eru sem hér segir:
35 * 70 mm. blikkgrind og klæddir beggja vegna með 2 *13 mm. gifsplötum.
Léttir ekki berandi innveggir í kjallara eru sem hér segir:
35 * 70 mm. blikkgrind og klæddir beggja vegna með 13 mm. gifsplötum.
Gler á svölum er opnanlegt sbr. grein 102 í byggingarreglugerð
Á milli handriðs og skyggnis koma brautir sem gleri er rent eftir.

Húsið verður hitað með miðstöðvarofnum, og eru lagnir sýnilegar að hluta.

LR. táknar loftræsting.
Herbergi og svæði sem liggja að útvegg eru loftræst um opnanl. glugga,
lokuð innrými eru loftræst í gegnum blikk stokka, sjálftrekkjandi eða með vélrænni loftræstingu eftir því sem við á.

Varðandi frekari málsetningar, sjá sérteikningar aðalhönnuðar í mkv. 1:50.
Séruppdrættir skulu unnir þegar aðaluppdrættir hafa verið samþykktir af byggingaryfirvöldum.

KIRKJUVELLIR 3 HAFNARFIRÐI.

Sigurður Þorvarðarson byggingafræðingur bfí.
Teiknistofan Strandgötu 11 220 Hafnarfirði.
Sími: 5651510. Netfang: teiknistofan@simnet.is
STH. teiknistofan ehf. kt. 510298-2769. Kt. aðalhönnuðar: 141250-4189.

| | | |
|---|---|---|
| Skýringar: | Aðaluppdráttur. | |
| Teikning: | Grunnmynd 2. hæð. | |
| Mælikvarði: | 1 : 100. | Dagsetning: 5 mars 2005. |
| Undirskrift: | 27/11 07 | |
| Blað nr: 2 af 15. | | |
| Breytt: Svalaskýli í lokunarflokki B teiknað á svalir dags. 04.09.2007. | | |
| Breytt: Skráningartafla og grunnmyndir leiðréttar dags. 22.11.2007. | | |